

Mánudaginn 26. maí 1941.

Nr. 109/1940. **Marteinn Þorsteinsson og Árni Bövarsson**

(Theódór B. Lindal)

gegn

H/f Alliance (Jón Ásbjörnsson).

Björgunarlaun.

Dómur hæstaréttar.

Aðaláfrýjendur, sem skotið hafa máli þessu til hæstaréttar með stefnu 16. desember f. á., krefjast þess, að bjarglaun héraðsdómsins verði færð niður all verulega, og málskostnaður fyrir héraðsdómi verði látinn niður falla og að þeim verði dæmdur málskostnaður úr hendi gagnáfrýjanda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Gagnáfrýjandi, sem áfrýjað hefur málinu með stefnu 14. janúar þ. á., krefst aðallega kr. 50000.00 ásamt 5% ársvöxtum frá 11. október f. á., en til vara, að héraðsdómurinn verði staðfestur. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda eftir mati dómsins.

Í máli þessu hafa full rök verið að því leidd, að aukinn fékostnaður gagnáfrýjanda og aflatjón vegna björgunarinnar hafi ekki numið undir kr. 25000.00. Þegar litið er til þessa svo og til bjargstarfans, verðmæta þeirra, er bjargað var, og verðmæta þeirra, er lögð voru í hættu við björgunina, þykir greiðsla sú, er aðaláfrýjendum ber að inna af hendi til gagnáfrýjanda, hæfilega ákveðin 47000.00 krónur með 5% ársvöxtum frá 11. október 1940 til greiðsludags.

Eftir þessum málalokum þykir rétt, að aðaláfrýjendur greiði gagnáfrýjanda samtals kr. 5000.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Loks ber gagnáfrýjanda sjóveðréttur samkvæmt 1. tölul. 236. gr. siglingalaganna í v/s Dóru S. U. 36 til tryggingar nefndum fjárhæðum.

Því dæmist rétt vera:

Aðaláfrýjendur, Marteinn Þorsteinsson og Árni Böðvarsson, greiði gagnáfrýjanda, h/f Alliance, kr. 47000.00

með 5% ársvöxtum frá 11. október 1940 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti, samtals kr. 5000.00. Gagnáfrýjandi hefur sjóveðrétt í v/s Dóru S. U. 36 til tryggingar nefndum upphæðum.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 27. nóv. 1940.

Mál þetta, sem dómtekið var 23. þ. m., er með samkomulagi málsaðilja höfðað fyrir sjó- og verzlunardóminum með stefnu útgefni 11. f. m. af Ólafi H. Jónssyni framkvæmdarstjóra f. h. h/f Alliance, hér í bæ, gegn eigendum v/s „Dóra“, þeim Marteini Þorsteinssyni kaupmanni, Fáskrúðsfirði, og Árna Böðvarssyni útgerðarmanni, Klöpp Seltjarnarnesi, til greiðslu björgunarlauna in solidum, að upphæð kr. 50000.00, eða til vara aðra upphæð eftir mati dómsins, auk 5% ársvaxta frá stefnudegi til greiðsludags, svo og málskostnaðar skv. reikningi eða eftir mati réttarins. Enn fremur krefst stefnandi þess, að viðurkenndur verði sjóveðréttur í v/s „Dóru“ S. U. 36, fyrir hinum tildæmdu upphæðum. — V/s „Dóra“ var váttryggð hjá Sjóváttryggingarfélagi Íslands h/f, og hefur félaginu því verið stefnt til réttargæzlu í málinu.

Stefndir krefjast þess, að stefnukrafan verði lækkuð skv. mati dómsins, og málskostnaður verði látinn falla niður.

Málsatvik eru þessi: V/s „Dóra“, sem er eign hinna stefndu, var þann 10. apríl s. l. á siglingu frá Fleetwood í Englandi áleiðis til Íslands. Um kl. 6,30 f. h. þennan dag, þegar skipið var búíð að sigla „143 sjómilur í N 30 V réttvisandi frá Butt of Lewia“, stöðvaðist vél skipsins, vegna mikillar bilunar, og varð engri aðgerð við komið. Talstöð var í skipinu, og var nú kallað á hjálp skipa, en enginn svaraði fyrr en kl. 9,30 f. h., að íslenzkur vélbátur, er átti um 140 sjómilur ófarnar til Vestmannaeyja, komst í talsamband við v/s „Dóru“. Bátur þessi tilkynnti útgerðarmönnum v/s „Dóru“ í Vestmannaeyjum, hvernig komið væri, og fyrir beiðni þeirra fór b/v „Tryggvi gamli“, sem er eign stefnanda, v/s „Dóru“ til hjálpar. Togarinn var að koma úr söluferð frá Englandi og var staddur um 135 sjómilur N—NV af Barra Head, þegar hjálparbeiðnin barst, en það var kl. 16,50 nefndan dag. Breytti hann þá stefnu úr NNV í NA og náði jafnframt talsambandi við v/s „Dóru“. Þennan dag var allgott veður á þessum slóðum og kyrr sjór. Aðfaranótt 11. apríl fór veður síðan vernsnandi, norðvestan vindur, allt að 8—9 vindstigum, að því er skipverjar á v/s „Dóru“ telja, með krappaéljum og all-miklum sjó. Hélt svo þann dag, en þá um kl. 15.25 hafði Tryggvi gamli komið á vettvang, og hafði v/s „Dóru“

þá rekið 11—15 mílur til austurs. Það kom í ljós, að enginn not-hæfur dráttarvirkur var til um borð í v/s „Dóru“, og vinda skipsins varð ekki notuð til að koma á sambandi milli skipanna. Var þá skotið línu frá „Tryggva gamla“ yfir í v/s „Dóru“, og um kl. 17.30 var búið að ganga frá dráttartaugunum, sem togarinn lagði til að mestu, og festa varð um „vélarreisninguna“ og „brúna“ á v/s „Dóru“, þar sem um annað traust hald var ekki að ræða. Var síðan haldið af stað með hægri ferð, eftir að gefnir höfðu verið út 350 faðmar á hvorn bóg af trollvirkur frá „Tryggva gamla“. Kl. 18.30 slitnaði keðjan frá v/s „Dóru“, en togvirkurinn hafði verið festur í keðjuna. Ekki gátu skipverjar á v/s „Dóru“ náð keðjunni inn aftur og urðu þeir að höggva hana frá sér. Og um kl. 21.30 var fyrst lokið við að koma aftur á dráttartaugum milli skipanna. Var þá haldið af stað með hægri ferð, og var stefnt í norðvestur, en vindur var þá NV 6—7 stig með allmiklum sjó. Um miðnættið kom í ljós, að skipunum hafði ekkert miðað áfram, en er á nóttina leið, fór þó heldur að draga úr veðrinu. Kl. 4 f. h. slitnuðu dráttarvirkurarnir enn, en um átta leytið varð þó komið á sambandi aftur, og var þá haldið áfram með fullri ferð, enda var veður þá miklu betra, hægur vestan vindur, en nokkur alda. Um þetta leyti bilaði talstöð v/s „Dóru“, svo að hennar varð ekki frekar not, og urðu skipverjar eftir það að hafa samband við „Tryggva gamla“ með ljós- og flaggmerkjum. Þennan dag gekk ferðin síðan sæmilega. Aðfaranótt 13. apríl fór veður aftur versnandi, VNV, allt að 6—7 vindstigum og eljagangur. Var hægt á ferðinni undir hádegis, enda fór vindur og sjór þá mjög versnandi, vindur allt að 8—10 stigum. Hélzt veðrið fram á kvöld, og kl. 19.25 slitnaði bakborðsvirkurinn. Undir miðnætti lögðist aftur, og var þá sett á hálfu ferð. Þann 14. apríl var NV gola og minni bára, enda var þá farið með meiri ferð. Um hádegis þennan dag varð vart leka á v/s „Dóru“, einkanlega í vélarrúmi, og varð að nota dælur við. Aðfaranótt þess 15. apríl tók enn að hvesa, þá af norðri, og varð að hægja mjög ferðina. Um kl. 8 f. h. var vindur orðinn allt að 10 vindstigum. Hélzt svo allan daginn, og var komið allt að því fárviðri um miðnættið, og varð svo fram á næsta morgun, þann 16. apríl. Lekinn jókst og heldur, enda erfiðaði skipið mjög mikið. Um kl. 11 f. h. þennan dag var komið á ytri höfnina í Vestmannaeyjum, og kl. 13,10 var v/s „Dóra“ dregin af öðrum vélbát inn á höfn, en „Tryggvi gamli“ hélt síðan áleiðis til Reykjavíkur, og var veður þá enn hið versta, NNA 11 vindstig.

Með skírskotun til þess, að v/s „Dóra“ hafi í umrætt skipti verið með ónýta vél, ónothæfan seglabúnað, stödd á hættusvæði og ofviðri mikil hafi geisað um þessar mundir, heldur stefnandi því fram, að skipið hafi verið státt í slíkum háaska, að hjálp sú, er b/v „Tryggvi gamli“ veitti því og að framan er lýst, verði tvímælaust

að teljast björgun í skilningi siglingalaganna. Verður og á það að fallast, enda er það út af fyrir sig ekki véfengt af hálfu hinna stefndu.

Kemur þá til athugunar, hver séu hæfileg björgunarlaun til handa útgerð og skipshöfn „Tryggva gamla“, en stefnandi verður að teljast vera í fyrirsvari fyrir báða þá aðilja.

Verða nú rakin þau atriði, er til greina koma við ákvörðun björgunarlaunanna skv. 230. gr. siglingalaganna.

Nokkrar smáskemmdir virðast hafa orðið á v/s „Dóru“, en annars tókst björgunin fullkomlega. Skipverjar á „Tryggva gamla“ unnu með verklagni og atorku að björguninni, enda þurfti fyllstu varúðar við vegna ofviðrisins, sem var mestan hluta leiðarinnar. Björgunin tók og, eins og að framan er lýst, langan tíma, eða alls 5 sólarhringa og 21½ klst. Eins og ástatt var, verður v/s „Dóra“, að teljast hafa verið í mikilli hættu, en hins vegar verður ekki séð, að skipverjar á „Tryggva gamla“, eða togarinn, hafi verið lagður í sérstaklega mikla hættu við björgunina. Um tilkostnað þann og í fjártjón, er útgerð og skipshöfn togarans hafa orðið fyrir í sambandi við björgunina, verður þetta að teljast upplýst: Bein tímátöf vegna björgunarinnar virðist hafa verið 3½ sólarhringur. Beinn kostnaður vegna kaups skipshafnar og fæðis, stríðstryggingar skips og skipshafnar þennan tíma virðist nema um 2600 kr. Andvirði eyddra kola og oliu á sama tíma virðist og hæfilega áætlað kr. 3000.00. Telja verður og, að mestur hluti togviranna frá „Tryggva gamla“, eða að verðmæti um 5000 kr., hafi ónýtt eða skemmt við björgunina. En um verðmæti togarans sjálfs, er björgunin átti sér stað, er ekki annað upplýst, en að hann hafi verið vátryggður fyrir um 500 þús. kr. Þá verða einnig að teljast færðar allsterkar líkur fyrir því, að „Tryggvi gamli“ hafi orðið fyrir veiðitapi vegna björgunar v/s „Dóru“, er áætla má, að nemi um 6000 krónum, „netto“, svo og, að tjón hans, vegna þess að hann hafi vegna tafarinnar náð lakari markaði fyrir fisk sinn í næstu söluferð en ella mundi verið hafa, muni hafa numið um 10 þús. króna.

Með tilliti til alls þessa, svo og þess, að skv. yfirmatsgerð dómkvaddra manna, nam verðmæti v/s „Dóru“, ásamt farmi, þá er skipinu hafði verið bjargað, alls kr. 118620.00, þykja björgunarlaunin hæfilega ákveðin kr. 40000.00, er stefndu verður verður gert að greiða stefnanda, ásamt vöxtum eins og krafizt hefur verið. Málskostnað, þar með talinn kostnað við yfirmat, greiði stefndur stefnandanum með kr. 3200.00 Gegn mótmælum stefndu verður ekki séð, að heimild sé til að dæma þá til greiðslu upphæða þessa in solidum.

Fyrir hinum tildæmdu upphæðum viðurkennist sjóveðréttur í v/s „Dóru“ S. U. 36.

Réttinn skipuðu: hinn reglulegi formaður dómsins og sjó- og verzlunardómsmennirnir Hafsteinn Bergþórsson framkvæmdarstjóri og Jón Axel Pétursson hafnsögumaður.

Þvi dæmist rétt vera:

Stefndir, eigendur v/s „Dóru“, Marteinn Þorsteinsson og Árni Böðvarsson, greiði stefnandanum h/f Alliance, af hálfu útgerðar og skipshafnar b/v „Tryggva gamla“, kr. 40000.00 með 5% ársvöxtum frá 11. okt. 1940 til greiðsludags, og kr. 3200.00 í málskostnað. Á stefnandi sjóveðrétt í v/s „Dóru“ S. U. 36 fyrir upphæðum þessum.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 28. maí 1941.

Nr. 34/1940. **Johan Ellerup**

gegn

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og Hjálmari Vilhjálmssyni.

Frestun. Nýjar upplýsingar.

Úrskurður hæstaréttar.

Áður en dómur verður á mál þetta lagður, þykir rétt að veita sækjanda samkvæmt analógíu 120. gr. laga nr. 85/1936 kost á því að leggja fyrir dóminn nánari upplýsingar um þessi atriði:

1. Skýrsla löggilts endurskoðanda um birgðir sínar af vörum 6. ágúst 1939, bæði unnum og óunnum, í efnagerð sér og lyfjabúð sér, og efnahagsreikning miðaðan við sama dag og gerðan af löggiltum endurskoðanda.

2. Rekstrarreikning sömu fyrirtækja, gerðan af löggiltum endurskoðanda, tímabilið frá 1. jan. 1939 til 7. ágúst s. á., og rekstrarreikning þeirra árin 1937 og 1938.

3. Skýrslu með staðfestu eftirriti úr tryggingaskirteinum um brunatryggingarupphæð húss síns 1939 og vara þeirra, áhaldla og annara fjárverðmæta, er hann átti í hús-